

# Kynning á smáhúsum fyrir heimislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir

## Hugmyndafræðin Húsnæði fyrst

Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir

# Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir

Ný deild sem tilheyrir Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, deildastjóri er Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur.

Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir 2019–2025 var samþykkt í borgarráði í október 2019

Í stefnunni er

- lögð áhersla á hugmyndafræðina „húsnæði fyrst“ og sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins.
- styðst við evrópska flokkun á heimilisleysi og húsnæðisleysi (ETHOS).

Nýjar kröfulýsingar 2020 í kjölfar nýrrar stefnu

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# **ETHOS** - EVRÓPSK FLOKKUN Á HEIMILISLEYSI OG HÚSNÆÐISLEYSI

Undir ETHOS eru 4 aðalhugtök sem skiptast síðan upp í 13 nánari aðgerðaflokka sem nota má við stefnumótun:

- Að vera á götunni (roofless)
- Að vera húsnæðislaus (houseless)
- Að búa við ótryggar húsnæðisaðastæður (insecure)
- Að búa í ófullnægjandi húsnæði (inadequate)

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Markhópur HMFÞ

- Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuþarfir
- Þeir sem hafa misst færni til að halda heimili
- Alvarleg fíkn og/eða geðrænn vandi, þroskafrávik, líkamleg veikindi, saga um áföll og félagslegir erfiðleikar
- Fjárhagserfiðleikar og skortur á félagslegum tengslum
- Þeir sem þarfnast sérhæfðrar lágþröskulda þjónustu- og búsetuúrræða sem tekur mið af skaðaminnkandi hugmyndafræði

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Housing First approach




Ekki hætta með stuðning nema það sé tímabært



# Húsnæði HMFÞ, biðlisti og íbúar

- 44 einstaklingar á biðlista eftir húsnæði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuþarfir. (1. febrúar 2020)
- Samliggjandi íbúðir: 11 (kvennagangur: 5 íbúðir)
- Herbergjasambýli: 9
- Smáhýsi: 4
- **Væntanleg smáhús: 20**
- Dreifðar HF íbúðir: 13
- Íbúðakjarni fyrir konur með tvígreiningu: 6
- Herbergjasambýli fyrir karla með tvígreiningu: 8

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Húsnæði fyrst






- ★ Dregur úr bráðakomum á sjúkrahúsum og heilsugæslu
- ★ Dregur úr innlögnum á sjúkrahús
- ★ Dregur úr notkun á neyðarathvörfum
- ★ Dregur úr tíðni vímuefnameðferða
- ★ Dregur úr tíðni fangelsunar
- ★ Leiðir til meiri lífsgæða þjónustuþega og aðstandenda
- ★ Dregur úr álagi á nærsamfélag, stofnanir ríkis og sveitarfélaga
- ★ 3,3 til 7,5 milljónir hver einstaklingur á ári
- ★ Að lágmarki 1,5 milljónir minni kostnaður pr ár/einstakling





Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Húsnæði fyrst (HF) hugmyndafræði

- Miðar að því að þjónusta fólk sem vegna geðræns vanda, frávika í þroska, vímuefnavanda eða annarra ástæðna á sögu um erfiðleika við að halda heimili og hefur mikla og flókna þjónustuþörf.

- Áhersla á lágþröskuldaumhverfi eða auðvelt aðgengi sem byggir á gildum skaðaminnkunar.

- Þróuð í Bandaríkjunum um miðjan tíunda áratug 20. aldar, telst gagnreynd og er notuð alþjóðlega sem aðalhugmyndafræði í þjónustu við heimilislaust fólk.

- Gengur út frá því að húsnæði sé grunnþörf og teljist til mannréttinda.

- Aðeins þegar þessari grunnþörf sé mætt, geti einstaklingurinn ráðið við aðrar áskoranir.

# Skaðaminnkandi nálgun

Hugmyndafræði skaðaminnkunar felur í sér að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu á notendur vímuefna, fjölskyldur þeirra, nærsamfélagið og samfélagið í heild.

Það sem einkennir þessa leið er viðleitni til að lágmarka skaðann sem neyslan veldur fremur en að fyrirbyggja sjálfa notkunina.

Þannig hefur skaðaminnkun sterka skírskotun til lýðheilsu og mannréttinda

# Hlutverk VoR

1. Veita HMFÞ **nærþjónustu** og ráðgjöf undir formerkjum HF
   - Á vettvangi, smáhýsum, stökum HF íbúðum, í neyðarskýlum.

2. Yfirsýn yfir málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir

- Sinnir **forvörnum:** bjóða gestum neyðarskýla stuðning og aðstoð við að tengjast ráðgjafa á þjónustumiðstöð.
- Sinna **vettvangsstarfi** og tilfallandi verkefnum varðandi markhóp þjónustunnar (t.d. viðbragðsáætlun v/veðurs).

8 grunnþættir HF *(Housing First/Húsnæði fyrst)*

- Húsnæði er hluti mannréttinda
- Stuðningur er á forsendum notanda
- Húsnæði og stuðningur eru aðskilin
- Batahugmyndafræði
- Skaðaminnkandi nálgun
- Stuðningur er án þvingunar
- Nálgun er einstaklingsmiðuð
- Stuðningur er sveigjanlegur og meðan þörf er á

# 20 ný smáhús

- Hönnunarferli með aðkomu starfsmanna í nærþjónustu
- Lagt upp úr því að þau séu heimili
- Áhersla á að þau séu vistleg og falli vel í umhverfi
- Landslagsarkitekt sér um að forma umhverfið í kring, stíga osfrv.
- Gætt að góðri lýsingu á lóð og yfir stígum
- Áætlað að fráveita tengist inn á lagnir sem fyrir eru

# Úthlutun

- Úthlutað í gegnum úthlutunarteymi HMFÞ á Velferðarsviði
- Þurfa að vera í virkri þjónustu VoR
- Ráðgjafi viðkomandi vinnur Mat og þarfagreiningalisti + mat á þjónustuþörf í samvinnu við umsækjanda
- Greinagerð ráðgjafa um félagslegar og heilsufarslegar aðstæður umsækjenda
- Rökstuðningur frá VoR í formi greinagerðar þarf að fylgja húnsæðisumsókn, þar kemur fram staða, þjónustan sem notandinn er að fá og hvernig húsnæði hentar
- Gögn frá heilbrigðisþjónustu og/eða öðrum þjónustuaðilum fylgja eftir því sem við á
- Tímabundinn samningur með skýrt markmið í upphafi (einstaklingsáætlun), allir fá þjónustusamninga, einstaklingsbundna þjónustuáætlanir er við á.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið





# VoR

- Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar

- Vaktsími: 665 7600.
- Nýtt verklag 2019 (í kjölfar nýrrar stefnu).
- Nýjar kröfulýsingar 2020
- Umsóknir í gegnum ráðgjafa á þjónustumiðstöð, Fangelsismálastofnun eða Frú Ragnheiði.



Virðing



Virkni



Velferð

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Höfðatorg, Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Sími 411 1111

www.reykjavik.is/velferd

www.facebook.com/velferdarsvid